

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2021 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts og orkuskatts.

2. gr.

Viðmiðunarhitastig vegna gjaldskrárliða er 25°C.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

- | | |
|---------------------------------------|--------------------|
| a) Orkugjald skv. orkumæli | kr. 2,65 pr. kWst. |
| b) Orkugjald skv. orkumæli sundlaugar | kr. 1,06 pr. kWst. |
| c) Lokunargjald | kr. 7.569 |

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira 1.006.000 kWst. á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá.

3. gr.

Viðskiptavinir skulu greiða fast gjald í formi mælaleigu, gjaldið er daggjald og er breytilegt eftir stærð mæla. Mælaleigan er sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
15 mm	36,23
20 mm	48,54
25 mm	72,29
40 mm	90,73
50 mm	113,57
65 mm	127,91
80 mm	144,37
100 mm	162,93

4. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- | | |
|-------------------------------------------------------------------------|-------------|
| Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m | kr. 357.245 |
| og á m ³ þar yfir | kr. 449 |
| og á m ³ fram yfir 50 m | kr. 7.818 |

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum um skráningu fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands. Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimædagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|
| a. Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald | kr. 357.245 |
| b. Fyrir hesthús að 700 m ³ skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inn-tak. | |

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarksheimædagjaldi hitaveitunnar.

5. gr.

Heimædagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2020, 148,4 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimædagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 10 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 7.569.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að taka gildi 1. janúar 2021. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1271/2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. desember 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.